

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1040

Dagsetning: 1. október 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 17. september 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhliða.

### 2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

### 3. Erindi frá EL um sjúkraskrá

Upplýst var um erindi frá embætti landlæknis varðandi samninga við Samgöngustofu og fleiri um aðgang að sjúkraskrá og viðbrögð HH við erindinu.

### 4. Vísindanefnd HH

Farið var yfir nýjar verklagsreglur vísindanefndar HH og þær samþykktar.

### 5. Þjónusta HH við fanga

Rætt var um heilsugæsluþjónustu við fanga í fangelsinu á Hólmsheiði. Hugmyndir eru uppi um sameiningu heilsugæsluþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu.

### 6. Húsnæðismál

Rætt um fyrirhugaðar breytingar á norður hluta Mjóddarinnar og að send verði beiðni um þarfagreiningu fyrir nýja heilsugæslustöð. Kanna þarf samhliða hvort hægt sé að koma skrifstofu og annarri miðlægri starfsemi HH fyrir á sama stað. Upplýst var að samtöl hafa verið í gangi við Garðabæ og Hafnarfjörð um lóðir fyrir heilsugæslustöðvar. Til stendur að auglýsa eftir húsnæði í báðum bæjarfélögum. Viðræður um nýtt húsnæði fyrir Heilsugæsluna Miðbæ halda áfram en mikilvægt er að sinna viðhaldi og endurnýjun stöðvarinnar.

### 7. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

## 8. Mannauðsmál

Upplýst var um ýmis mál í kjölfar fundar mannauðsstjóra hjá stofnunum ríkisins. Áhugi er á því að bæta við einum mannauðsráðgjafa í ljósi fjölgunar starfsstöðva hjá HH. Rætt var um að taka upp fræðslukerfi og gæða- og atvikaskráningakerfi. Ákveðið var að vinna áfram að þessum málum..

### Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf svar við erindi embættis landlæknis, sjá lið 3.  
Ábyrgð: SDM
- Halda þarf áfram vinnu við útfærslu á þjónustu við fanga, sjá lið 5.  
Ábyrgð: RÓE, ÍDH og HP
- Senda þarf ósk um þarfagreiningu fyrir nýja heilsugæslustöð í Breiðholti, sjá lið 6.  
Ábyrgð: HP
- Halda þarf áfram vinnu við að finna húsnæði fyrir stöðvar í Hafnafirði, Garðabæ og miðbæ, sjá lið 6.  
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf áfram hugmyndir um fjölgun mannauðsráðgjafa og upptöku fræðslukerfis ásamt gæða- og atvikaskráningakerfis, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:20